

**Kjarasamningur**  
**milli**  
**Félags flugmálastarfsmanna ríkisins**  
**SFR - Stéttarfélags í almannþjónustu**  
**Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna**  
**og**  
**Samtaka atvinnulífsins vegna Isavia ohf.**

**1. gr.**

Síðast gildandi kjarasamningar framlengjast til 28. febrúar 2017 með þeim breytingum sem greinir í samningi þessum og fellur þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar.

**2. gr.**

**Kaupliðir 2014**

*Almenn launahækkun*

Hinn 1. apríl 2014 skulu laun og kauptaxtar hækka um 2,8%, þó að lágmarki kr. 8.000 á mánuði fyrir dagvinnu miðað við fullt starf. Aðrir kjaratengdir liðir hækka um 2,8% á sama tíma.

*Sérstök hækkun kauptaxta, kr. 230.000 og lægri*

Kauptaxtar sem eru kr. 230.000 eða lægri hækka sérstaklega um kr. 1.750. Kauptaxtar gilda frá 1. apríl 2014.

**Kaupliðir 2015 og 2016**

Laun og launatafla hækkar sem hér segir:

1. apríl 2015: 2,25%.

1. apríl 2016: 2,25%.

**Launaflokkar**

Frá 1. júlí 2015 greiðist einn viðbótarlaunaflokkur til fastráðinna starfsmanna.

Frá 1. júlí 2016 greiðist einn viðbótarlaunaflokkur til fastráðinna starfsmanna.

Grunnröðun starfsheita fastráðinna starfsmanna breytist með sama hætti.

**3. gr.**

**Persónuuppbót í desember og orlofsuppbót**

Persónuuppbót í desember m.v. fullt starf er á árinu 2014 kr. 74.000.

Orlofsuppbót fyrir orlofsárið sem hefst 1. maí 2014 m.v. fullt starf er á árinu 2014 kr. 39.500.

*bigd*  
*BoA*  
*SBP*  
*AN*  
*AN*  
*AN*  
*AN*

Á árinu 2015 og 2016 verður persónuuppbót í desember og orlofsuppbót sú sama og í aðalkjarasamningum SA á almennum vinnumarkaði.

#### 4. gr.

##### Eingreiðsla

Þann 1. júní 2014 greiðist sérstök eingreiðsla kr. 100.000 hverjum starfsmanni sem var í starfi 1. apríl 2014 og miðast greiðslan við fullt starf í aprílmánuði. Starfsmenn í hlutastarfi fá greitt hlutfallslega m.v. starfstíma og starfshlutfall. Orlof er innifalið í eingreiðslu.

#### 5. gr.

##### Gr. 2.3.3. breytist svohljóðandi:

Ef útkall hefst á tímabilinu 00:00 – 08:00 frá mánudegi til föstudags, kl. 17:00 – 24:00 á föstudegi eða á almennum eða sérstökum fridögum skv. gr. 2.1.4.1 og 2.1.4.2, skal greitt yfirvinnukaup fyrir að minnsta kosti 4 klst. nema reglulegur vinnutími hefjist innan 3 og ½ klst. frá því að útkall hófst en í þeim tilvikum skal greiða ½ klst. til viðbótar við unninn tíma.

#### 6. gr.

##### Framlög til starfsmenntunarsjóða

##### Gr. 10.3.1 í kjarasamningum FFR og SFR verður svohljóðandi:

Vinnuveitandi greiðir mánaðarlega framlag í starfsmenntunarsjóð FFR fyrir félagsmenn FFR, sem nemur 0,32% af heildarlaunum starfsmanna.

Vinnuveitandi greiðir mánaðarlega framlag í starfsmenntunarsjóð SFR fyrir félagsmenn SFR, sem nemur 0,32% af heildarlaunum starfsmanna.

##### Gr. 10.4.1 í kjarasamningi LSS verður svohljóðandi:

Vinnuveitandi greiðir mánaðarlega framlag í starfsmenntunarsjóð LSS, sem nemur 0,43% af heildarlaunum starfsmanna.

#### 7. gr.

##### Gr. 4.4.1 í kjarasamningum FFR og SFR breytist svohljóðandi frá og með 1. maí 2015:

Tímabil sumarorlofs er frá 15. maí til 30. september.

Handwritten signatures and initials in blue and green ink, including "Sigell", "BOT", and "AN".


8. gr.

Afgreiðsla kjarasamninga



Atkvæðagreiðsla um kjarasamninginn skal vera sameiginleg meðal allra félagsmanna stéttarfélaganna sem starfa skv. honum. Tilkynna skal um afgreiðslu kjarasamningsins fyrir kl. 12:00 þann 15. maí n.k.

Reykjavík, 29. apríl 2014



f.h. Samtaka atvinnulífsins vegna Isavia ohf.

  
Magnús M. Svartsson  
Björn Ólafsson  
Sigrún Ólafsson  
Róberta Malmay

f.h. Félags flugmálastarfsmanna ríkisins

  
Thorbjörn Þraugsson  
Tólgarnir c. Vignar, gæðittia.  
Ólafur J. Þorðsson  
  
Sigrún E. Þorvaldsson  
f.h. SFR - Stéttarfélag í almannajónustu  
Sini S. Jónsson  
Karlsson Þ. Karlsson  
Hilólfur K. Ásmundsdóttir  
Sigrún Þ. Jónsson

f.h. Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna

  
Valdimar Guðmundsson  
Kristján Carlsson Grönz  
Óddur Jónsson  
  
Eggert Haukelsson

## Bókun 1

Verði almenn hlutfallshækkun launa í aðalkjarasamningum SA við SGS/LÍV/Samiðn umfram 2,75% árið 2015 mun hækkun skv. 2. gr. aukast um mismuninn á almennri hlutfallshækkun þeirra samninga og 2,75%.

Sama gildir varðandi almenna hlutfallshækkun launa árið 2016.

## Bókun 2

Samningsaðilar eru sammála um að setja á fót starfshóp á samningstímabilinu til að ræða stefnumörkun stjórnar Isavia varðandi starfslokareglur. Stjórn Isavia mun tilnefna þrjá aðila og stéttarfélög FFR, SFR og LSS þrjá aðila til setu í starfshópnum.




Handwritten signatures in blue and green ink, including the name 'Sigur' in green and several initials in blue.


Sérákvæði vegna kjarasamnings Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna

Eingreiðsla skv. 4. gr. er kr. 130.000 til félagsmanna LSS.

Gr. 10.2.2. fellur brott.

Reykjavík, 29. apríl 2014

  
Sigrún Elfa  
Ráðgjafi  
Sigrún Elfa

  
Valdimar Gu-Finn  
Kristján Carlsson Grönn  
Óður Jón  
Jón  
Lagert Mannússon

## SAMKOMULAG

Settur verður á laggirnar starfshópur Isavia ohf., FFR, SFR og LSS sem ætlað er að vinna úr ágreiningsmálum, málum tengdum vinnuáðstæðum og vinnuumhverfi sem snúa að framkvæmd vinnu og starfs- og kjaratengdra atriða er varða félagsmenn FFR, SFR og LSS.

Fulltrúar í hópnum skulu vera sex, þrír fulltrúar Isavia og fulltrúi frá FFR, fulltrúi frá SFR og fulltrúi frá LSS.

Hópurinn skal hittast ekki sjaldnar en mánaðarlega frá og með samþykkt kjarasamnings þessa.

Fundarstaður skal vera í húsnæði sáttasemjara nema samkomulag sé um annað. Hópurinn skal reglulega kynna sáttasemjara framgang vinnunnar.

Hópurinn skilar niðurstöðum sínum og tillögum í síðasta lagi 2015.

Helstu atriði sem starfshópurinn skal fjalla um eru:


- Fluggagnafræðingar
- Flugvallarþjónusta
- Flugverndarsvið

Vinnuskjal frá 29.4.2014 sem unnið var af samninganefnd FFR, SFR og LSS hefur verið lagt fram og hefur m.a. að geyma áherslur félaganna er lúta að:


- Ráðningasamningum
- Starfslýsingar
- Möguleikar til menntunar
- Ábyrgð og viðurkenning
- Kennsla og þjálfun
- Starfsmannasamtöl
- Vinnuumhverfi og viðhorf stjórnenda
- Stjórnun og stjórnendur
- Starfsöryggi starfsmanna

Reykjavík 29. apríl 2014.

F.h. Isavia ohf.

  
Alfheita Jw  
Björn Óli Ás  
Sigrún Elfsa  
Róberta Maloney



F.h. FFR, SFR og LSS


  
Kjartan Þórunn  
Linn S. Jónsson  
Einar Þórunn

### Yfirlýsing

Aðilar eru sammála um að samstarfsnefndir taki upp reglubundna fundi um ágreiningsmál sem rísa kunna út af samningi þessum og öðrum þeim málum er lúta að starfsskilyrðum og starfsumhverfi starfsmanna. Hvor aðili um sig getur óskað eftir fundi í nefndinni og kallað hana til starfa.

Reykjavík, 29. apríl 2014



STÉTTARFÉLAG  
Í ALMANNAJÓNUSTU


SA/Isavia ohf

Reykjavík 29. apríl 2014


**Efni:** Frestun boðaðs allsherjarverkfalls félagsmanna FFR, SFR og LSS.

Í dag 29. apríl 2014 kl.18:00 hefur allsherjarverkfalli félagsmanna FFR, SFR, og LSS, sem hefjast átti kl. 04:00 að morgni dags hinn 30. apríl 2014, verið frestað.

Boðuð frestun gildir til og með kl. 04:00 þann 22. maí 2014.

  
f.h. Félags flugmálastarfsmanna ríkisins

  
f.h. SFR stéttarfélags í almannajónustu

  
f.h. Landssambands slökkvildis- og sjúkraflutningamanna

Afrit sent,  
Ríkisáttasemjara  
Borgartúni 21  
105 Reykjavík